

Yfirlit yfir þróunarverkefni um umferðarfræðslu í grunnskólum sem unnin voru í Grundaskóla á Akranesi og styrkt af RANNUM árin 2002-2004

### **2002 - Umferðarfræðsla – Könnun á umferðarfræðslu á Akranesi**

Gerð var úttekt á stöðu umferðarfræðslu í Grundaskóla á Akranesi með það að markmiði að kanna hvaða fræðslu ungir vegfarendur fá og hvernig þessi fræðsla tengist fræðslu annarra, s.s. Umferðarstofu, ökukennara og lögreglu. Var þetta fyrsti hluti þess verkefnis að byggja upp heildstæða umferðarfræðslu sem sjálfsagðan þátt í lífsleikninámi grunnskólanema þar sem markvisst er unnið með forvarnir.

Gerður var samanburður á skólanámskrá Grundaskóla og Aðalnámskrá grunnskóla – Lífsleikni (1999) og athugað hvort skólanámskráin endurspeglar ákvæði Aðalnámskrár. Enn fremur var athugað hvort raunveruleg framkvæmd umferðarfræðslunnar í skólanum væri í samræmi við ofangreindar námskrár.

Helstu niðurstöður voru þær að nokkuð skorti á að námskrá skólans endurspeglar ákvæði Aðalnámskrár og að framkvæmd sjálfrar fræðslunnar væri af skornum skammti einkum á efri stigum. Fræðslan var virkust á yngsta stiginu sem að mörgu leyti má rekja til þess námsefnis sem er til fyrir stigið. Á miðstigi tengdist umferðarfræðslan vinnu með námsefnið *POR – Þú og raunveruleikinn* og í sumum tilfellum var einnig unnið með bækurnar *Vegfarandinn 1 og 2*. Á unglingsstiginu hafði lítil sem engin umferðarfræðsla átt sér stað en þar hafði skortur á sérsniðnu námsefni fyrir stigið mest áhrif. Einnig varð ljós nauðsyn þess að efla samstarf við foreldra og koma á skipulögðum tengslum við þá utanaðkomandi aðila sem tengjast umferðarfræðslu grunnskólanna.

Lagðar voru fram tillögur að umferðarfræðslu á öllum skólastigum þar sem byggt var á markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla - Lífsleikni (1999) og útgefnu námsefni í umferðarfræðslu. Í tillögum kemur einnig fram hvar og hvernig utanaðkomandi aðilar koma að umferðarfræðslu í grunnskólum. Tillögur þessar er að finna á slóðinni <http://www.umferd.is/id/3340> en þar er um að ræða námsvef [www.umferd.is](http://www.umferd.is) sem er afrakstur samstarfs Grundaskóla, Námsgagnastofnunar og Umferðarstofu (sjá síðar).

### **2003 - Umferðarfræðsla í grunnskóla sem hluti af lífsleikni**

Unnið var áfram að því að efla umferðarfræðslu sem sjálfsagðan þátt í lífsleikninámi grunnskólanema og athyglinni beint að umsjónarkennurum. Krafa var sett fram um að þeir settu fram skilmerkilegar áætlanir í skólanámskrá og fengu þeir sér til stuðnings eftirfarandi gögn:

- Árstíðarbundnar áherslur í umferðarfræðslu <http://www.umferd.is/id/3321>
- Samstarf við utanaðkomandi aðila <http://www.umferd.is/id/3334>
- Yfirlit yfir vefi sem nýtast í umferðarfræðslu <http://www.umferd.is/id/3666>
- Tengsl við aðrar námsgreinar <http://www.umferd.is/id/3340>

Einn skóladagur tekinn í það að kanna óskir eldri nemenda um áherslur í umferðarfræðslu og var í því skyni unnið með 9.bekk að verkefninu *Árangursrík umferðarfræðsla að mati nemenda* <http://www.umferd.is/id/3322>

Sagt var frá þróunarverkefninu á fundi hjá foreldrafélagi Grundaskóla og „gátlisti heimilanna“ kynntur <http://www.umferd.is/id/3328> og hann birtur á vef Grundaskóla. Ekki náðist að fullgera áætlun um umferðarfræðslu fyrir lok skólaárs eins og stefnt var að í þessum áfanga en gert ráð fyrir að hún lægi fyrir eftir skipulagsdaga fyrir næsta skólaár. En mörgum frægum var sáð og því héldu aðilar ótrauðir áfram í þriðja áfanga þessa mikilvæga verkefnis þar sem meginmarkmiðið var að koma þeirri vinnu sem þegar hafði farið fram í þann farveg að hún nýttist öðrum grunnskólum landsins.

## **2004 - Umferðarfræðsla í alla grunnskóla – fræðsla til framtíðar**

Myndað var teymi fjögurra kennara innan skólans sem unnu að verkefninu og höfður þeir það meginmarkmið að leiðarljósi að efla og stuðla að metnaðarfullri umferðarfræðslu í grunnskólum sem skilaði sér í færri umferðarslysum í framtíðinni. Mótaðar voru þrjár meginleiðir að þessu markmiði en þær voru:

1. að útbúa og halda námskeið fyrir grunnskólakennara um umferðarfræðslu á grunnskólastigi.
2. að stofna vef sem geymdi námsefni og upplýsingar tengt umferðarfræðslu.
3. að semja námsefni í umferðarfræðslu fyrir unglíngastig.

Leitað var eftir samstarfi við Umferðarstofu og Námsgagnastofnum til að sinna þessu verkefni þar sem sýnt þótti að Grundaskóli stæði engan veginn einn undir því vegna þess hve yfirgripsmikið það var. Gekk það eftir og var nám- og fræðsluvefurinn [www.umferd.is](http://www.umferd.is) formlegar opnaður í febrúar 2006. Vefurinn skiptist í nemendasvæði og svæði fyrir kennarar og foreldra. Nemendasvæðinu er skipt í tvennt, þ.e. svæði sem ætlað er 1.-5.bekk annars vegar og 6.-10.bekk hins vegar. Á öllum svæðum er þegar að finna fjölbreytt námsefni og annað efni sem nýtist í umferðarfræðslu og forvörnum. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði í sífelldri þróun og sem slíkur verður hann aldrei fullgerður.

Námskeiðshald er þegar farið af stað. Námskeiðin byggjast annars vegar upp á fræðslu um umferðarmál og umferðarfræðslu og kynningu á námsvefnum og hins vegar á vinnu kennaranna sjálfra sem sækja námskeiðið þar sem þeir vinna fyrstu drög að áætlun um umferðarfræðslu í eigin skóla.

Þeir styrkir sem RANNUM veitti kennurum Grundaskóla hafa skilað sér í þróttmiklu þróunarstarfi sem hefur leitt til þess að auknir fjármunir hafa verið settir í þennan málaflokk hjá samgönguráðuneytinu. Grundaskóli er nú móðurskóli í umferðarfræðslu og mun sem slíkur vinna að virkri og metnaðarfullri umferðarfræðslu í grunnskólum landsins á komandi ári. Stjórn RANNUM fær okkar bestu þakkir fyrir veittan stuðning og velvild meðan á verkefnavinnunni stóð.

Fyrir hönd umferðarteymis Grundaskóla

Ásta Egils  
Verkefnisstjóri